



Samantekt í máli nr. S-44/2023.

Drög að frumvarpinu voru kynnt í samráðsgátt stjórnavalda 24. febrúar 2023 (mál nr. S-44/2023) og var frestur til umsagna veittur til 10. mars 2023. Alls bárust sjö umsagnir í samráðsgátt frá Barnaheillum – Save the Children á Íslandi, Landssamtökunum Proskahjálp, Reykjavíkurborg, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands. Að auki barst ein umsogn frá einstaklingi. Almennt voru umsagnir jákvæðar og tekið fram að ekki væru gerðar efnislegar athugasemdir við frumvarpsdrögin.

Í umsögn Landssamtakanna Proskahjálpars var gerð athugasemd við að í frumvarpsdrögunum væri eingöngu fjallað um nemendur upp að 18 ára aldrí. Frumvarpið miðar að því að tryggja samræmi við ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Í lögunum er barn skilgreint sem einstaklingur undir 18 ára aldrí og var því ekki talið rétt að koma til móts við athugasemdina. Þó þykir rétt að taka fram að með þeim breytingum sem lagðar eru til á ákvæðum laga um framhaldsskóla í frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að innan framhaldsskóla skuli velferð og farseld allra nemenda höfð að leiðarljósi. Þá þykir einnig rétt að taka fram að í lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna er sérstaklega kveðið á um skyldu stuðningsteymis til að gera áætlun þar sem fjallað er um samþættingu þjónustu í þágu barns eftir að það nær fullorðinsaldri.

Í umsögn Reykjavíkurborgar voru lagðar til breytingar á því ákvæði frumvarpsins sem fjallar um framkvæmd skólapjónustu og nemendaverndarráð. Í umsögninni er lagt til að ákvæðið verði orðað með opnari hætti, með hliðsjón af góðri reynslu sveitarfélagsins af störfum svonefndra lausnateyma. Fyrir liggur að áformað er að gera frekari breytingar á ákvæðinu í tengslum við nýja löggjöf um skólapjónustu þar sem meðal annars er áætlað að taka til sérstakrar skoðunar mismunandi útfærslur þverfaglegrar teymisvinnu innan skólakerfisins. Var því ekki talið rétt að gera breytingar á frumvarpinu með tilliti til umsagnarinnar.

Að auki var gerð athugasemd við þá útfærslu í frumvarpsdrögunum að vísa á tilteknum stöðum til þarfa nemenda en á öðrum stöðum til stuðningsþarfa. Litið var til þessa við lokaútfærslu frumvarpsins og lagt til að hugtakið stuðningsþarfir yrði notað á öllum stöðum.